

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík 3. mars 2011

Efni: Umsögn Isavia um frumvarp til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála. Þskj. 543 -386 mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.

Frumvarp til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála liggur nú fyrir Alþingi. Frumvarpið hefur verið sent í umsagnarferli, en af einhverjum ástæðum var frumvarpið ekki sent til umsagnar Isavia. Isavia hefur þó nokkrar athugasemdir við frumvarpið og eru þær hér eftirfarandi:

- I. Í 5. gr. frumvarpsins segir að hin nýja stofnun Vegagerðin, skuli annast uppbyggingu vega, sjóvarnargarða og leiðsögu- og eftirlitskerfa. Stofnunin skuli jafnframt hafa umsjón með framkvæmdum við samgöngumannvirki og samgöngukerfi sem njóta beinna ríkisstyrkja. Í 6. gr. segir síðan að Vegagerðin skuli annast rekstur samgöngumannvirkja og samgöngukerfa og fari með eignarhald þeirra fyrir hönd ríkissjóðs. Í þessu sambandi sinni Vegagerðin sjálf eða feli öðrum að sinna m.a. rekstri og viðhaldi leiðsögu-, vöktunar-, upplýsinga- og eftirlitskerfa, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Í dag sinnir Isavia rekstri samgöngumannvirkja og samgöngukerfa hvað varðar flugsamgöngur og ekki stendur til að breyta því. Isavia sinnir einnig rekstri og viðhaldi leiðsögu-, vöktunar-, upplýsinga- og eftirlitskerfa sem snúa að flugsamgöngum og flugleiðsöguþjónustu. Að sama skapi stendur vart til að breyta því. Það er því ljóst að skýra þarf nánar í frumvarpinu, bæði í lögnum sjálfum og í athugasemdum með því, að lögin taki ekki til samgöngukerfa, sem lúta að flugsamgöngum.
- II. Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir að Vegagerðinni sé heimilt að taka að sér uppbyggingu, rekstur og viðhald flugvalla skv. samningi við þar til bæra aðila. Í dag er staðan sú að Isavia hefur í nokkrum tilvikum gert samning við Vegagerðina um rekstur tiltekinna flugvalla á landsbyggðinni. Um er að ræða litla flugvelli þar sem flugumferð er lítil og áætlunarflug fer ekki um þessa velli. Samvinna Isavia og Vegagerðarinnar hefur gengið mjög vel á þessum stöðum og því brýnt að þessi möguleiki skuli vera til staðar. Hins vegar verður að gæta vel að því að ábyrgð á rekstri flugvallarins, hvað varðar flugöryggi og flugvernd skal ávallt vera hjá þeim aðila sem hefur starfsleyfi frá Flugmálastjórn Íslands. Starfsleyfin fylgja ströngum skilyrðum laga og reglugerða og krefjast nauðsynlegrar stoðþjónustu, sem Isavia hefur byggt upp. Vart verður séð að það samrýmist markmiðum um samlegð og hagræðingu að byggja upp sambærilega stoðþjónustu hjá öðrum aðila. Því er lagt til að Isavia verði tilgreind í stað “þar til bærs aðila” í frumvarpinu.

- III. Í lögnum er á nokkrum stöðum talað um “samgöngumannvirki”. Skilgreining á hugtakinu hefur nokkuð verið á reiki. Því er lagt er til að stuðst verði við skilgreiningu í 3. grein reglugerðar um brunavarnir í samgöngumannvirkjum, nr. 614/2004 og skilgreining súa sem þar kemur fram verði beinlínis tekin upp í lagatextann sjálfan. Þannig yrðu lögin mun skýrari og skilmerkilegri og ljóst væri að þau tækju ekki til samgöngumannvirkja sem heyrðu undir flugsamgöngur.
- IV. Í frumvarpinu kemur ekki fram að til standi að breyta núverandi fyrirkomulagi um útboð á styrkjum vegna áætlunarflugs til afskekktara staða. Eins og þessu er háttað hefur Vegagerðin þetta verkefni á höndum. Fyrirkomulagið er þannig að Vegagerðin úthlutar þessum styrkjum til tiltekinna flugrekenda að forgengnu sem á grundvelli styrksins halda uppi áætlanaflugi til þessara tilteknu afskekktu staða. Isavia leggur til að fyrirkomulag þessarara styrkveitinga verði endurskoðað og að farin verði súa leið sem lögð var til í skýrslu starfshóps um sameiningu Flugstoða ohf. og Keflavíkflugvallar ohf. frá því í september 2009 að rekstraraðilar flugvalla innheimti notendagjöld sem standi undir kostnaði við veitta þjónustu og að styrkir til tiltekinna flugrekenda verði hækkaðir að sama skapi. Þannig verði farin súa leið að framlag ríkisins til málaflokksins fari í að greiða niður flugleiðir en skiptist ekki á milli rekstraraðila flugvalla og flugrekenda eins og nú er. Þannig myndu flugrekendur áfram bjóða í flugleiðir innanlands á grundvelli sérstakra útboða með svipuðum hætti og gert er m.a. í Noregi og að hluta hér á landi”. Isavia tekur undir sjónarmið starfshópsins og leggur til að notað verði tækifærið við fyrirhugaðar breytingar og fyrirkomulaginu breytt með þeim hætti sem segir í skýrslu áðurnefnds starfshóps.
- V. Að sama skapi telur Isavia eðlilegt að útboð vegna sjúkraflugs, sem nú fara í gegnum Vegagerðina, fari frekar í gegnum Isavia. Það gefur heildstæðari mynd og telja verður að það sé mun eðlilegra fyrirkomulag en að það heyri undir Vegagerðina.

Að öðru leyti gerir Isavia ekki athugasemdir við frumvarp til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála.

Virðingarfyllst
F.h. Björns Óla Haukssonar
forstjóra Isavia



Ingunn Ólafsdóttir
skrifstofustjóri yfirstjórnar Isavia, Reykjavík